

Lungnakrabbamein – bættur árangur í meðferð en meira þarf til

Heilbrigðismál

Tómas Guðbjartsson

prófessor og yfirlæknir á skurðeild Landspítala



Lungnakrabbamein er stórt heilbrigðisvandamál hér á landi, líkt og annars staðar í heiminum, og það krabbamein sem leggur flesta Íslendinga að velli. Lungnakrabbamein er oft erfitt viðureignar en batahorfur ráðast mest af útbreiðslu sjúkdómsins, þ.e. hvort meinið er bundið við lungun og brjóstholið eða hefur dreift sér til annarra líffæra. Því miður greinast sjúklingar oft seint, en tveir af hverjum þremur sjúklingum hafa við greiningu dreifðan sjúkdóm.

Þetta á sinn þátt í því að fleiri deyja af völdum lungnakrabbameins en úr nokkru öðru krabbameini, eða í kringum 130 einstaklingar á ári. Til samanburðar létust 16 Íslendingar í umferðarslysum árið 2008 og í kringum 50 manns úr þriðja algengasta krabbameininu, ristilkrabbameini, sem aftur undirstrikar hversu stórt vandamál lungnakrabbamein er.

Á síðasta áratug hafa orðið töluverðar framfarir í greiningu og meðferð lungnakrabbameins sem vekja vonir um bættan árangur, ekki síst hjá sjúklingum sem ekki hafa staðbundinn sjúkdóm. Hér má nefna ný og öflugri krabbameinslyf og ný meðferðarúræði eins og frýsting og hitameðferð lungnaæxla. Hins vegar hefur skimun áhættuhópa, t.d. þeirra sem reykja og eru komnir yfir miðjan aldur, með háskerpu tölvusneidmynda-tækjum ekki staðið undir væntingum. Þá er reynt að greina meinin á byrjunarstigi og bæta þannig horfur sjúklinga, en slík skimun er dýr og virðist ekki svara kostnaði.

Rúmlega fjórðungur lungnakrabbameinssjúklinga gengst undir skurðaðgerð þar sem meinið er fjarlægð úr lunganu, en brott-nám æxlisins er forsenda lækningar. Hlutfall sjúklinga sem gangast undir skurðaðgerð er hærra hér á landi en víða erlendis og sífellt fleiri sjúklingar eru teknir í aðgerð. Auk þess hafa íslenskar rannsóknir sýnt að árangur þessara skurðaðgerða er mjög góður hér á landi og er það ánægjuleg staðreynd. Ræður þar miklu að framfarir hafa orðið í skurðlækningum og svæfingum en einnig eru myndrannsóknir fyrir aðgerð orðnar nákvæmari.

En alltaf má gera betur og brýnt er að bæta árangur skurðmeðferðar enn frekar. Kortlagning

á útbreiðslu sjúkdómsins fyrir aðgerð er afar mikilvæg í þessu tilliti. Meta verður hvort krabbameinið hafi borist í eitla í nágrenni lungans, en þá verður auk skurðaðgerðar að beita krabbameinslyfjameðferð til að komast fyrir sjúkdóminn. Á síðustu árum hafa margvíslegar tækninýjungar komið fram og má þar helst nefna jáeindaskanna og sýnatökur úr eitlum með vélinda- og berkjuómsjá (EUS/EBUS).

Erlendis eru báðar rannsóknirnar orðnar fastur liður áður en til aðgerðar kemur en hér á landi vantar þennan tækjabúnað sárlega. Reyndar hafa sjúklingar verið sendir í jáeindaskanna til Kaupmannahafnar en í því er óhagræði fyrir bæði sjúklinga og aðstandendur þeirra. Hafin er söfnun til kaupa á tækjabúnaði til eitlatöku með berkju- og vélinda-

Í dag reykja tæplega 18% fullorðinna Íslendinga, sem er lægra hlutfall en í nágrannalöndum okkar og er með því lægsta sem þekktist á heimsvísu.

Dregið hefur úr fjölgun lungnakrabbameinstilfella og allt bendir til þess að tilfellum muni fækka enn frekar á næstu áratugum þegar forvarnastarf síðustu áratuga skilar sér að fullu. Þetta er jákvæð þróun og mikilvæg viðurkenning fyrir þá sem hafa komið að tóbaksvörnum hér á landi. Að mínu mati hafa Íslendingar alla burði til þess að vera leiðandi í reykingavörnum. Því er brýnt að stjórnvöld auki fjárveitingar til forvarnastarfs, ekki síst í grunn- og framhaldsskólum. Einnig þarf að auka fé til rannsókna á lungnakrabbameini og auka fræðslu meðal heilbrigðisstétta um reykingavarnir.



Það er óhagganleg staðreynd að með því að útrýma reykingum má koma í veg fyrir flest lungnakrabbamein, enda talið að 90% þeirra megi rekja beint til reykinga.

ómsjá, en kostnaður er áætlaður í kringum 20 milljónir króna. Það er von okkar lækna á Landspítala að slíkur búnaður verði keyptur hingað til lands þegar á næsta ári, enda munu slík tæki borga sig upp á nokkrum árum.

Hér hefur verið tíundað hvernig bæta má horfur lungnakrabbameinssjúklinga með nýjum krabbameinslyfjum og fullkonnari skurðaðgerðum. Þessi atriði eru þó lítilvæg í samanburði við þann árangur sem næst með öflugum forvarnastarfi. Það er óhagganleg staðreynd að með því að útrýma reykingum má koma í veg fyrir flest lungnakrabbamein, enda talið að 90% þeirra megi rekja beint til reykinga.

Reykingavarnir eru því algjört lykilatriði í baráttunni við lungnakrabbamein og beinast fyrst og fremst að því að hindra að unglingar byrji að reykja, en einnig að fullorðnum reykingamönnum. Það er aldrei of seint að hætta að reykja, en rannsóknir sýna að með reykbindindi minnkar hættan á lungnakrabbameini í allt að 15 ár eftir að reykingum er hætt, eða úr þrítugfaldri í tvöfalda áhættu. Mikilvægt er að stjórnvöld veiti fé til reykingavarna, enda skilar slíkt fé sér margfalt til baka. Árangurinn er ótvíræður og undanfarna áratugi hefur sem betur fer mikil dregið úr reykingum hér á landi.

Rannsóknir hafa þó sýnt að fræðsla ein og sér nægir ekki í þessari baráttu. Verðstýring og takmarkanir á aðgengi tóbaks hafa mikið að segja, sérstaklega hjá unglingum, en þar er mest í húfi. Reykingabann á veitinga- og skemmtistöðum er dæmi um vel heppnaða aðgerð stjórnvalda og á eftir að bjarga fleiri mannlífum en flesta grunar.

Þrátt fyrir áköf mótmæli veitingamanna í upphafi tel ég að í dag sé almenn sátt um þessa aðgerð, og jafnvel reykingamenn fagna því að þurfa ekki að anda að sér heilsuspillandi tóbaksreyk á almannaþæri. Mér er til efs að nokkrum myndi detta í hug að leyfa aftur reykingar í flugvélum eða á opinberum stöðum og svo verður einnig um veitinga- og skemmtistaði.

Það er ánægjulegt að geta glaðst yfir ákveðnum áfangasigrum í baráttunni við lungnakrabbamein. Á sama tíma er ljóst að hægt er að gera mun betur og enn lást tugir einstaklinga á hverju ári úr sjúkdómi sem nánast er hægt að útrýma. Forvarnaaðgerðir eru því algjört lykilatriði þegar til lengri tíma er lítið. Við megum nefnilega aldrei gleyma þeirri staðreynd að við vitum hver orsök þessa illskeytta krabbameins er.

Í tilefni alþjóða lungnakrabbameinsdagsins 17. nóvember 2011.